

Miðvikudaginn 8. mars 1995.

Nr. 75/1995.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Kristjáni Haukssyni

(Kristján Stefánsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 3. mars 1995, sem barst réttinum 6. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og sér verði tafarlaust veitt frelsi. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 3. mars 1995.

Ár 1995, föstudaginn 3. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ingveldi Einarsdóttur dómara-fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi:

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Kristjáni Haukssyni, kt. 140163-7599, með lögheimili að Skólavörðustíg 28, Reykjavík, en dvalarstað að Brekkugerði 1, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 29. mars 1995 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 252. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

— — —

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er ljóst, að kærði er undir rökstuddum grun um aðild að auðgunarbroti, sem fangelsisrefsing getur legið við samkvæmt XXVI. kafla alm. hgl., og er nauðsynlegt, að rækileg rannsókn fari fram á ferðum hans og gerðum undanfarið. Eftir er að yfirheyrja

vitni, sem hugsanlega geta gefið upplýsingar um ferðir hans umræddan dag. Þá þarf viðhlítandi skýring að fást á því, hvernig hann hefur komist yfir svo mikið fé, en útskrift af bankareikningi hans nr. 7599 við Búnaðarbanka Íslands styður ekki frásögn hans um söfnunarfé hans.

Verður því með vísan til ofangreinds, rannsóknargagna málsins og skírskotun til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að fallast á þá kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins, að kærði sæti gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til 13. mars næstkomandi kl. 16.00.

Ingveldur Einarsdóttir dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Kristján Hauksson, sæti gæsluvarðhaldi til mánudagsins 13. mars næstkomandi kl. 16.00.
